



Nefndartillaga um Sjálfstjórn á Norðurlöndum

1. Tillaga nefndarinnar

Borgara- og neytendanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að gera samanburðarrit um sjálfstjórn á Norðurlöndum þar sem safnað verði saman reynslu frá Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum varðandi sjálfstjórnarform á Norðurlöndum. Markmiðið með ritinu ætti að vera að gera sjálfstjórn á Norðurlöndum sýnilega

að skipuleggja ráðstefnu um sjálfstjórn á Norðurlöndum þar sem ritið yrði kynnt og rætt yrði um sjálfstjórnarleiðir á Norðurlöndum

2. Aðdragandi

Borgara- og neytendanefndin hefur kynnt sér sjálfstjórn á Norðurlöndum í heimsóknum til Grænlands 2012, Færeyja 2011 og Álandseyja 2012.

Sjálfstjórn Færeyja, Grænlands og Álandseyja veitir þeim rétt til að setja eigin lög um innri málefni og gera eigin fjárlög.

Færeyjar og Grænland sem eru hluti af konungsríkinu Danmörku hafa haft mikla sjálfstjórn síðan 1948 annars vegar og 1979 hins vegar. Sjálfstjórn Grænlands var síðast aukin árið 2009 þegar lögregla, dómstólar og strandgæsla urðu hluti af grænlenku sjálfstjórninni. Hún nær hins vegar ekki til ríkismálefna eins og m.a. utanríkis- og varnarstefnu og gjaldeyrismála. Lagasetningarréttur Færeyja nær til allra málefna nema stjórnarskrár, ríkisborgararéttar, æðstu dómstóla, utanríkis-, öryggis- og varnarmála auk gjaldeyris- og peningastefnu.

Álandseyjar eru hluti af lýðveldinu Finnlandi en hafa eigin löggjafarþing. Á þeim sviðum sem Álandseyjar hafa eigin löggjöf er landið í raun eins og sjálfstætt ríki. Álandseyjar fagna 90 ára sjálfstjórn árið 2012 og eru á sínum þriðju sjálfstjórnarlögum og vinna nú að þeim fjórðu.

Norðurlandaráð

3. Umsagnarferli

Ekkert formlegt umsagnarferli hefur átt sér stað, en í viðræðum nefndarinnar við færeyska, grænenska og álenka fulltrúa hefur áhuga á sjálfstjórn verið vel tekið.

4. Sjónarmið nefndarinnar

Borgara- og neytendanefndin er áhugasöm um hin ólíku form sjálfstjórnar á Norðurlöndum og telur mikilvægt að gera sjálfstjórn sýnilega sem góða leið til að leysa ágreiningsmál með virðingu fyrir minnihlutahópum og staðbundnum ákvörðunum.

5. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur borgara- og neytendanefndin til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að gera samanburðarrit um sjálfstjórn á Norðurlöndum þar sem safnað verði saman reynslu frá Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum varðandi sjálfstjórnarform á Norðurlöndum. Markmiðið með ritinu ætti að vera að gera sjálfstjórn á Norðurlöndum sýnilega

að skipuleggja ráðstefnu um sjálfstjórn á Norðurlöndum þar sem ritið yrði kynnt og rætt um sjálfstjórnarform á Norðurlöndum

Helsinki 30. október 2012

Anna Ljunggren (A)
Annicka Engblom (M)
Illugi Gunnarsson (Sj.)
Isabella Jernbeck (M)
Linda Kristiansen (RV)
Marianne Berg (vänst)

Martin Kolberg (A), vice ordförande
Michael Tetzschner (H),
Mikkel Dencker (DF)
Suna Kymäläinen (Sd)
Satu Haapanen (gröna), ordförande
Thomas Jensen (S)

A 1577/medborgar

Lagt fram af:
Borgara- og neytendanefnd

Númer skjals 12-00276-1

Norðurlandaráð

A 1577/medborgar

Lagt fram af:
Borgara- og neytendanefnd

Númer skjals 12-00276-1